

Faggreinakennari

Faggreinakennari vinnur í nánnum tengslum við umsjónarkennara. Mikilvægt er að faggreinakennari og umsjónarkennari hittist reglulega og ræði stöðu einstakra nemenda og námsframvindu þeirra.

-Fylgist með námi og þroska allra nemenda sinna og leitast við að skapa kennsluáðstæður sem eru hvetjandi til náms, vinnusemi og þroska.

- Færir einkunnir, umsagnir og mætingu inn í Námfús eftir því sem við á. Færir einnig athugasemdir í dagbók nemanda í Námfús ef þörf krefur.

- Tekur þátt í gerð skólanámskrár og ýmsum áætlunum innan skólans.

- Tekur þátt í samstarfi við umsjónarkennara og aðra faggreinakennara.

- Hefur umsjón með sérgreinastofu og kennslutækjum.

- Sér um frágang að vori og innkaup fyrir næsta skólaár.

- Situr kennarafundi, starfsmannafundi og aðra þá fundi sem skólastjórn ætlast til að faggreinakennari taki þátt í.

- Leysir úr vandamálum sem upp kunna að koma hjá nemendum. Fyrst ræðir kennarinn einu sinni eða oftast einslega við viðkomandi nemenda. Beri það ekki árangur, hefur kennarinn samband við umsjónarkennara og leitar eftir aðstoð þar. Mikilvægt er að faggreinakennari færi slík samskipti inn í dagbókina í Námfús.

- Hefur samband við foreldra í samráði við umsjónarkennara

- Faggreinakennarar eiga að ganga vel frá bekkjarstofum og öðrum rýmum sem þeir kenna í.

- Er í samstarfi við skólastjóra og stuðningskennara um nemendur sem þurfa sérkennslu í viðkomandi fagi.

- Vinnur með fagstjóra stuðningskennslu að einstaklingsnámskrám. Sér um að nemendur hafi námsefni við hæfi í samráði við stuðningskennara.

- Fylgist með samskiptum nemenda sinna innbyrðis og grípur strax inn ef minnsti grunur leikur á einelti og fylgir þá vinnuferli eineltisáætlunar.